

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

798. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 6. Ágúst 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. 140. fundur fræðsluráðs 5. liður sem frestað var á síðasta fundi
3. Fundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
4. Bréf Húnavirkis ehf.
5. Bréf Byggðasafnsins á Reykjum.
6. Bréf Ragnars Friðbergs Ragnarssonar og Þóreyjar Tómasdóttur.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er mættur á fund byggðarráðs. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi. Framkvæmdum við dýpkun hafnarinnar er lokið, unnið er að hönnun klórrýmis við íþróttamiðstöð, viðhald gatna, tröppur sunnan skóla, aðalskipulag, Brúarhvamm ofl.
2. 140. fundur fræðsluráðs 5. liður „ *Skólastjóri leikskólans kynnir breytingar sem munu verða frá hausti á reglum leikskólans varðandi börn sem hafa verið veik og hafa fengið að vera inni í leikskólanum í einn til tvo daga eftir veikindi en það úrræði mun ekki verða lengur. Fastur daglegur útivistartími er milli 15.00-16.00 og ef barn getur ekki verið úti eftir veikindi er hægt að sækja barnið klukkan 15.00. Á föstudögum er einnig útivera milli klukkan 10 og 11. Önnur útivera er val og hægt að taka tillit til þess ef barn þarf á að halda.*“
5. liður fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 2 atkvæðum. Elín R. Línal greiðir atkvæði á móti, telur þetta vera óþarfa þjónustuskerðingu
3. Lagt fram fundarboð almenns félagsfundar í Veiðifélagi Víðidalsár, sem haldinn verður miðvikudaginn 14. ágúst kl. 21:00 í Víðhlíð. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Lögð fram bréf Húnavirkis ehf. dags. 28. júlí 2013, þar sem gerðar eru athugasemdir við úrvinnslu útboðs í skólaakstur á leið 6 um Vatnsnes og beiðni um afhendingu gagna og rökstuðning fyrir afgreiðslu byggðarráðs. Sveitarstjóra falið að svara bréfunum.
5. Lagt fram bréf frá Sigríði Hjaltadóttur formanni stjórnar og Sigríði Bachmann safnstjóra Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, þar sem þær óska eftir að fá hús fyrrum barnaskóla Staðarhrepps til afnota fyrir byggðasafnið. Byggðarráð samþykkir að fresta erindinu.
6. Lagt fram bréf Ragnars Friðbergs Ragnarssonar og Þóreyjar Tómasdóttur, þar sem gerð er athugasemd við staðsetningu ruslagáms og tjaldsvæðis á Borðeyri. Erindinu vísað til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs.
Samþykkt að taka á dagskrá.
7. Bréf Sæunnar Vigdísar Sigvaldadóttur dags. 1. ágúst 2013. Umsókn um búfjárhald á Laugarbakka í samræmi við 2. gr. „ Samþykktar um búfjárhald í Húnaþingi vestra.“ Erindinu vísað til umsagnar landbúnaðarráðs.
8. Fundargerð 224. fundar skipulags- og umhverfissráðs frá 1. ágúst sl. Fundargerð í 5 liðum. Borinn undir atkvæði 1. liður og samþykktur með 2 atkvæðum. Borinn undir

atkvæði 2. liður, samþykktur með 3 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 4. liður, samþykktur með 3 atkvæðum. 5. liður borinn undir atkvæði og samþykktur með 2 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 3 atkvæðum. Stefán Böðvarsson vék af fundi við afgreiðslu 1. liðar. Elín R. Líndal vék af fundi við afgreiðslu 5. liðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:29

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Sigurður Kjartansson